



Fundargerð

43. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 17. september 2025, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Karl Ölvirsson, Práinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fulltrúar Íslenskrar Gagnavinnslu mæta á fund hreppsnefndar - 2508016

Mættar eru á fund hjá hreppsnefnd Ásahrepps þær Anna Jonna Ármannsdóttir og Krista Hannesdóttir. Þær hafa nýlega fest kaup á jörðinni Lindabær 1A og eru komnar til að kynna hugmyndir sínar um orkuvinnslu á landinu.

Anna Jonna og Krista gerðu grein fyrir hugmyndum sínum um orkuvinnslu á landi Lindarbæjar 1A, en um er að ræða sólarorkuver. Hreppsnefnd þakkaði gestum fundarins fyrir greinagóða kynningu á fyrirhuguðu verkefni.

2. Fundargerð 39. fundar stjórnar Odda bs. - 2509014

Lögð fram fundargerð 39. fundar stjórnar Odda bs. 4. dagskrárliður þarfnast staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Bókun stjórnar Odda bs:

2403081 - Þróun leikskólastarfs

Lagðar fram niðurstöður foreldrakannana í leikskólunum vegna nýrrar gjaldskrár Odda bs. og starfsmannakannnir í leikskólunum. Stjórn Odda samþykkir að óbreytt fyrirkomulag verði á gjaldskrá Odda bs skólaárið 2025-2026 og reynslan metin aftur vorið 2026. Samþykkt samhljóða.

Lagt til að niðurstaða stjórnar Odda bs. verði samþykkt.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti niðurstöðu stjórnar Odda bs.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

3. Fundargerð 40. fundar stjórnar Odda bs. - 2509011

Lögð fram fundargerð 40. fundar stjórnar Odda bs. Dagskrárliður nr. 1 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar Odda bs:

2508021 - Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025. Viðaukar

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Holt", "K!D.", and "EJ".

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Odda bs. 2025.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 1 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2025. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn gerir ráð fyrir auknum rekstarkostnaði að fjárhæð kr. 82.809.269 sem stafar af áhrifum kjarasamninga við kennara (56 millj.), kjarasamningsbundnum hækkun vegna aksturs starfsmanna og veikindaförföllum. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi kr. 9.111.485 kr. og Rangárþingi ytra kr. 73.696.784

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti viðauka 1 hjá Odda bs, sbr. ofanritað.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

4. Fundargerð 308. fundar skipulagsnefndar UTU - 2509001

Lögð fram fundargerð 308. fundar skipulagsnefndar UTU.

Til kynningar.

5. Fundargerð 309. fundar skipulagsnefndar UTU - 2509016

Lögð fram fundargerð 309. fundar skipulagsnefndar UTU. Jafnframt er lögð fram til kynningar fundargerð 233. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Ás 3 I-8lóð L204637; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2508021. Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Ás 3 I-8lóð L204637 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm frístundahús, 40 fm gestahús og 25 fm geymslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna með fyrirvara um uppfærð gögn í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Málið verður jafnframt gendarkynnt innan svæðisins.

Mál nr. 2; Búðarhálsvirkjun stöð L221893; Rafstrengur og ljósleiðari; Framkvæmdarleyfi - 2508080.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Búðarhálsvirkjunar. Í framkvæmdinni felst lagning rafstrengs og ljósleiðara frá rafstreng Langöldu að tengiskáp við Búðarháls til að bæta raforku á vinnusvæði Vaðöldu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að fenginn jákvæðri umsögn frá Forsætisráðuneytinu.

Mál nr. 3; Þjóðholt (áður Kálfholt K 3a) L219274; Íbúðarhús, bilskúr og skemma; Deiliskipulag - 2504035.

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Þjóðholts (áður Kálfholt K 3a) L219274 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindir eru byggingarreitir fyrir íbúðarhús og bilageymslu, skemmu og/eða hesthús og núverandi sumarhús.

Hámarksbyggingarmagn verður 750 m². Að öðru leyti verður landið nýtt sem beitoland eins og verið hefur. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu.

Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.D.", "57", "FI", and "W".

fullnægjandi hætti innan gagnanna og mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ísleifur Jónasson vék af fundi undir þessum lið.

Mál nr. 4; Umsagnarbeiðni; Ytri-Skógar, breytingar á gamla héraðsskólanum;
Deiliskipulagsbreyting - 2509015.

Lögð er fram umsagnarbeiðni vegna deiliskipulagsbreytingar fyrir gamla héraðsskólann við Ytri-Skóga.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða deiliskipulagsbreytingu á gamla héraðsskólanum við Ytri-Skóga. Málin vísað til umræðu í hreppsnefnd Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti og vísar málinu til Héraðsnefndar sem er landeigandi ásamt sveitarfélögunum í Vestur-Skaftafellssýslu.

Mál nr. 33; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-233 - 2509001F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-233.

6. Fundargerð 249. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2508015

Lögð fram fundargerð 249. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 92. fundar Félags- og skólaþjónustu FSRV - 2509006

Lögð fram fundargerð 92. fundar Félags- og skólaþjónustu FSRV ásamt kynningu á farsældarráði og ársskýrslu umdæmisráðs Suður 2024.

Til kynningar.

8. Fundargerð 126. fundar stjórnar UTU - 2509002

Lögð fram fundargerð 126. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

9. Fundargerð 127. fundar stjórnar UTU - 2509003

Lögð fram fundargerð 127. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

10. Fundargerð 334. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2508017

Lögð fram fundargerð 334. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

11. Fundargerð 625. fundar stjórnar SASS - 2508019

Lögð fram fundargerð 625. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

12. Fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2509009

Lögð fram fundargerð 87. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Hóll", "S.J.", "K.O.D.", and "K.H.", along with the number "269".

Til kynningar.

13. Fundargerð 983. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2509007

Lögð fram fundargerð 983. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

14. Beiðni um hækkun taxta vegna refaveiða - 2508011

Lögð fram beiðni Elimars Helga Sigurbjargarsonar, þar sem hann óskar eftir að greiðsla fyrir unninn ref hækki úr 9.000 kr í 10.000 kr og að tímakaup hækki úr 1.500 kr í 2.000 kr.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að uppfæra einingarverð í samræmi við tillögu Elimars, fyrir báða aðila sem eru samningsbundnir um refavinnslu fyrir Ásahrepp. Uppfært verð taki gildi fyrir árið 2026.

15. Ársþing SASS 2025 í kirkjuhvoli á Kirkjubæjarklaustri - 2508013

Lagt fram bréf SASS, dags. 27. ágúst 2025 þar sem kynnt er ákvörðun um að ársþing SASS 2025 verði haldið 23. og 24. október 2025. Skila þarf inn kjörbréfum með rafrænum hætti.

Aðalmenn Ásahrepps eru Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir, en varamenn þeirra Kristín Hreinsdóttir og Helga Björg Helgadóttir.

16. Samningur um rekstur tónlistarskóla; Tónsmiðja Suðurlands - 2508014

Lagt fram tölvuskeyti Tónkjallarans, dags. 26. ágúst 2025, þar sem óskað er eftir að gerður verði samningur milli Ásahrepps og Tónkjallarans vegna reksturs tónlistarskóla. Greiðslur eru háðar fjölda nemenda frá Ásahreppi á hverjum tíma. Drög að samningi lagður fram sem gerir ráð fyrir að sveitarfélagið greiði kr. 770.593 skólaárið 2025-2026. Einn einstaklingur er skráður í nám hjá Tónkjallaranum næsta skólaár.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ganga til samninga við Tónkjallarann á grundvelli þessara draga að samningi milli aðila.

Ísleifur Jónasson vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

17. Ágangur sauðfjár við Reykás - 2508018

Lagt fram tölvuskeyti, Halldórs Ólafssonar og Soffíu Guðmundsdóttur, dags. 20. ágúst 2025 þar sem kvartað er yfir ágangi sauðfjár á landi þeirra Reykási. Jafnframt senda þau myndir máli sínu til stuðnings. Einnig lagt fram tölvuskeyti Guðríðar Hermannsdóttur, dags. 4. september 2025.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar til leiðbeininga sem gefnar hafa verið út vegna ágangsbúfænaðar, en þar segir:

"Ef lausaganga búfjár hefur ekki verið bönnuð með ákvæðum í samþykkt um búfjárhald skv. 5. gr. laga búfjárhald nr. 38/2013 leikur meiri vafi á skyldum sveitarstjórnar til að bregðast við beiðni um smölun ágangsfjár, sbr. niðurstöðu Landsréttar í máli 268/2020. Þar kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu að heimild til lausagöngu búfjár feli í sér almenna takmörkun eignarréttar sem eigi sér skýra stoð í lögum og að fasteignaeigendur verði sjálfir að hlutast til um að verja fasteign sína ágangi búfjár. Samskonar sjónarmið koma fram í 8. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, þar sem gert er ráð fyrir að eigandi lands geti friðað afmarkað og tiltekið landsvæði, að því gefnu að vörslulinur séu fullnægjandi."

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að hlutast til um að aðilar sem málið varðar hittist og finni lausn á málinu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.H.", "S.I.", "K.H.", "J.J.", "K.O.", and "L.H.".

18. Fyrirspurn um leikskóladvöl 5 ára drengs frá Austurríki - 2508020

Lagt fram tölvuskeyti Heklu Hermundsdóttur, dags. 22. ágúst 2025, þar sem hún spyrst fyrir um hvort 5 ára sonur hennar gæti fengið leyfi til að vera í leikskólanum Laugalandi í tvær vikur til að efla tengsl barnsins við íslenska menningu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hafna erindinu á grundvelli fordæmisgefandi atvika sem og vinnulags við aðlögun nýrra nemenda við leikskólann.

19. Lagfæring siturbeðs rotþróar að Ásmundarstöðum - 2508012

Lagt fram minnisblað um rotþró Jóns Ágúst Jóhannssonar og Reykjagarðs, dags. 21. ágúst 2025, undirritað af Markúsi Óskarssyni pípulagningarmanni og tveimur starfsmönnum Reykjagarðs, Sigurði Óskari Óskarssyni og Ágústi Ómari Eyvindssyni. Þar kemur fram að þeir hafi unnið að viðgerð siturlagnar umræddrar rotþróar. Þeir staðfesta að siturlögn hafi verið upphallandi og að klapparhaft hafi gert það að verkum að frárænnslí var ekki nægjanlegt fyrir hendi og siturbeð og lagnir því ávallt fullar af vatni. Brjóta þurfti niður klapparhaftið um 50 cm til að hægt væri að leggja siturlögn í réttum niðurrhalla þannig að frárænnslí rotþróar myndi renna með réttum halla frá rotþró.

Sveitarfélagið styrkti húseigendur á sínum tíma með kaupum og niðurstetningu rotþróar og lagna. Þar sem aðstæður voru með þessum hætti og vatn komst ekki frá rotþró með eðlilegum hætti er óskað eftir að sveitarsjóður komi að kostun þessarar viðgerðar. Pípulagningarmaður hefur staðfest að vandamál hafi verið vegna þessarar rotþróar um árábil. Ástæða vandamálsins kom ekki í ljós fyrir en mokað var ofan af siturlögn.

Kostnaður við verkið, sem unnið var af Markúsi Óskarssyni og Þjótanda nemur kr. 859.461 án VSK.

Almennt kemur Ásahreppur ekki að viðhaldi frárænnsliskerfa við íbúðarhúsnæði í Ásahreppi, en hreppurinn kostaði kaup og niðurstetningu á frárænnsliskerfum (rotþrær og siturlagnir) á sínum tíma. Hreppurinn skuldbatt sig ekki fyrir viðhaldi þessara frárænnsliskerfa sem sett voru niður í þessu verkefni. Komið hefur í ljós við skoðun að við umrædda rotþró eru óvenjulegar aðstæður, þ.e. klapparhaft sem hindrað hefur eðlilegt frárænnslí gæti verið um siturlögn. Hefur pípulagningarmaður staðfest að með óbreyttu mun siturlögn ekki virka eðlilega. Brjóta varð úr klapparhafti og lækka um 50 cm. til að frárænnslí verði eðlilegt. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita Reykjagarði styrk á móti kostnaði við fleygun klapparhaftsins. Sveitarstjóra falið að ljúka málinu við málsaðila.

20. Kæra nr. 101-2025; Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála; Sauðholt - 2509004

Lögð fram tilkynning frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kynnt er kæra nr. 101/2025 vegna deiliskipulags í landi Sauðholts 2, ásamt fylgigögnum.

Einnig lagðar fram athugasemdir Ásahrepps ásamt fylgigögnum sem unnin hefur verið af Lögmönnum Suðurlandi.

Á þessari stundu liggur ekki fyrir úrskurður nefndarinnar.

21. Þakkir frá Njálufélaginu - 2509008

Lagt fram bréf Njálufélagsins, dags. 29. ágúst 2025, þar sem færðar eru þakkir fyrir framlag Ásahrepps til Njáluvöku. Jafnframt er óskað eftir að Ásahreppur tilnefni tengilið við Njálufélagið þar sem hugur stendur til að halda starfi Njálufélagsins áfram á komandi árum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Þráinn Ingólfsson sem fulltrúa Ásahrepps.

22. Málstefna Rangárbings ytra og Ásahrepps - 2509012

Lögð fram til fyrri umræðu drög að málstefnu Rangárbings ytra og Ásahrepps. Umræða varð

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "HT", "K.O.", and "271".

um fyrirbyggjandi drög.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar málinu til síðari og lokaafgreiðslu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar í október n.k.

23. Vegklæðning á heimreið að Laufbrekku - 2509015

Lagt fram tölvuskeyti Vegagerðarinnar, dags. 10. september 2025, þar sem upplýst er um tilboðsverð Borgarverks og Þjótanda í lagningu burðarlags og klæðningar á heimreiðina að Laufbrekku. Þjótandi gerir tilboð í báða verkþætti en Borgarverk aðeins í klæðningu.

Þar sem Þjótandi er tilbúinn að taka að sér báða verkþætti þá samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps fyrir sitt leyti að samið verði við Þjótanda um verkið. Kostnaður við verkið skv. tilboði er kr. 4.081.000, en hlutur Ásahrepps yrði þá um kr. 3.900.000 og fellur alveg innan fjárfestingaráætlun 2025.

24. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflokkayfirlit frá 1. janúar til 31. ágúst 2025.

Til kynningar.

25. Mótvægisáðgerðir vegna Sporðöldulóns 2025 - 2509010

Lagt fram minnisblað Lands og skógar, dags. 4. september 2025, vegna skoðunarferðar um uppgræðslur á Búðarhálsi og Þóristungum.

Til kynningar.

26. Bréf Náttúruhamfaratryggingar Íslands - 2509013

Lagt fram bréf Náttúruhamfaratryggingar Íslands, dags. 10. september 2025, þar sem bent er á áhrif 16. gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

Til kynningar.

27. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar verður haldinn á skrifstofu Ásahrepps þann 15. október 2025. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 11:55.


Ísleifur Jónasson


Karl Ölvirsson


Þráinn Ingólfsson


Helga Björg Helgadóttir


Kristín Hreinsdóttir


Valtýr Valtýsson

77
K¹⁰0₀